

## Byggingarlýsing:


Óskað er eftir leyfi að byggja frístundahús á lóð nr: 71 í landi Kerhrauns í Grímsnesi, staðgr. 8719-1-46350710.

Hin nýja bygging mun verða með steyptum undirstöðum, steypt gólfplata með gólfhlita, 100mm einangrunarplasti (pólýstýren) undir og léttum timburúteggjahring, einangraður með 150mm steinull. Húsið klætt með 9mm grenikrossvið. Listar 21x70mm (A-gagnvörn), festir á krossviðinn til að tryggja loftun klæðningar, sjá sért. arkitekts. Yst er klætt með ljósgrárrí timburklæðningu (lárétt) og lóðréttri finbáru í í dökkgráum lit. Gluggar og hurðir smíðast úr timbri, í samræmi við ÍST 40 álklaðdir að utan, í koksgráum lit. Gler er venjulegt tvöfalt K-gler. Gæta þarf þess að í gólfisíðum gluggum og hurðum með gler undir 0,6m skal nota 2xöryggisgler (innra sem ytra gler), sbr. byggingareglugerð gr. 8.5.2. Allt byggingarefni í bygginguna skal uppfylla skilyrði 39. gr laga um mannvirki og skal standast staðla og falla að verklagi og sérslenskum aðstæðum, sjá gr. 5.1.1 og 5.1.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Þakvirki byggt úr 45x245mm sperrum, einangrað með 220mm steinull, klætt borðaklæðningu með ásoðnum pappalögum (tvö lög), sjá sérteikn. ark. Hitaveita er á svæðinu. Gera skal ráðstafanir til að heitt vatn valdi ekki brunaskaða á húð, t.d. með viðurkenndum blöndunartækjum á töppunarstað og varmaskiptir sem tryggir að vatn fari ekki að töppunarstað heitara en 60°. Gólfniðurfali sé í öllum votrymum. Innveggir eru hefðbundnir gipsveggir, uppbyggðir með blikkgrind og tvöföldum gipsplötum. Í húsunum verða hefðbundnar timburhurðir. Vélræn loftræsing er í eldhúsi og baðherbergjum ásamt náttúrulegri loftræsingu að hluta samkvæmt gr. 10.2.5 í byggingarreglugerð nr.112/2012, sjá nánar verkeikningar verkfræðings.

Burðarþol, vatns, frárænnis og hitakerfi; sjá teikn verkfræðings. Reykskynjarar komi í svefndeild og stofu, einnig sýndir í hverju svefnherbergi. Reykskynjari í geymslum verður samtengdur reykskynjurum inni í húsi. Slökkvitæki staðsett í anddyri í báðum húsum. Á lóðinni eru tvö bílastæði samkvæmt skipulagi sem verða malarlögð. Suðvestan við húsinn verður timburvernd með skjólveggjum og heitum potti. Frágangur á potti á vernd við aðalhús skal vera skv. gr. 12.10.4 í Byggingarreglugerð 112/2012. Frárænni frá potti tengist regnvatnslögnum. Heitur pottur skal einnig vera í a.m.k. 0,4m hæð yfir göngupalli í kring. Sorpi skal skilað skv. reglum sveitarfélagsins í þar til gerða gáma sem sveitarfélagið staðsetur fyrir sumarhúsaiegendur. Gólfkóti húss í landi ákvarðist á staðnum í samvinnu lóðarhafa og byggingarfulltrúa. Sett á teikningu þegar það liggur fyrir.

R Reykskynjari  
HSL Handslökkvitæki  
BO Björgunarop  
-----> flóttaleið



## skýringarmynd

### U-gildi útreiknanlegra byggingarhluta:

Þak (létt sperruþak):	0.19
Útveggir (léttir timburveggir):	0.26
Gluggar, vegið meðaltal, k-gler:	1.60
hurðir:	1.90
Gólf á fyllingu (m. gólfhlita):	0.25
útveggir, vegið meðaltal veggfl.	
glugga og hurða-aðalhús	0.58
útveggir, vegið meðaltal veggfl.	
glugga og hurða-gesthús	0.59

### Orkurammi:

Leiðnitap á fermetra gólfs-aðalhús	1,52 W/m <sup>2</sup> C
Leiðnitap á fermetra gólfs-gestahús	2,13 W/m <sup>2</sup> C

[Útreikningar á orkuramma eru sendir rafrænt í excel-skjali]

### Helstu stærðir:

landnúmer:L197667, staðgreinir: 8719-1-46350710


### Aðalhús-mhl.01:

brúttóflötur	103,0 m <sup>2</sup> br.
rúmmál	357,9 m <sup>3</sup> br.
rúmmál án botnflatar	337,3 m <sup>3</sup> br.


### Gestahús-mhl.02:

brúttóflötur	40,0 m <sup>2</sup> br.
rúmmál	132,5 m <sup>3</sup> br.
rúmmál án botnflatar	124,5 m <sup>3</sup> br.


lóð: 5053,0m<sup>2</sup>  
nýtingarhlutfall: 0,03



## yfirlitsmynd 1 : 500



## Sneiðing AA 1 : 100



## Sneiðing BB 1 : 100



skýringar.:

verkheiti.:

Sumarhús Kerhraun C 71

verklúti.:

byggingarlýsing, snið, yfirlitsmynd, skýr.mynd

mkv.:	1:500,1:100
dags.:	31.8.2020
hannað.:	GG
teiknað.:	GG/PRV
blaðstærð.:	A-2

dags. breytinga:

br. (a.):

br. (b.):

br. (c.):

br. (d.):

br. (e.):

br. (f.):

br. (g.):

fylgiskjöl.:

Guðmundur Gunnlaugsson, arkitekt FAÍ  
kt: 190554-3419  
Teiknistofan Archus sif, Stórhöfða 17.  
110 Reykjavík. s: 567 7735 gsm: 898 7894  
gg@archus.is - www.archus.is

samb.:

teikn.nr.:

01